


beurer

FT-85 snertilaus hitamælir

(úrdráttur úr erlendum leiðarvísum sem fylgir mælinum)


Skjár

1. MODE/MEM takki
2. LIGHT/SET takki
3. SCAN takki
4. Nemi fyrir mælingu
5. Lok yfir rafhlöðuhólfi



Lýsing á skjá

- 1 Hitamæling á hlut
- 2 Hitamæling á herbergishita
- 3 Hitamæling á enni
- 4 Tákn fyrir hljóð
- 5 Ár
- 6 Minnisnotkun
- 7 Dagsetning
- 8 Mæligildi / Númer minnis
- 9 Staða rafhlöðu
- 10 Mæligildi t.d. 38.0°C "Hiti"
- 11 Mæligildi t.d. 37.5°C "Enginn hiti"
- 12 Tákn fyrir ljós á skjá
- 13 Hitamæling Fahrenheit
- 14 Hitamæling Celcius
- 15 Ár/Dagsetning/Klukka




Rafhlöðurnar settar í tækið

Fjarlægið lokið yfir rafhlöðuhólfinu.

Setjið rafhlöðurnar í hólfið og gætið þess að þær snúi rétt.

Notið eingöngu alkaline rafhlöður frá þekktum framleiðendum og af gerðinni LR03 (2 x 1,5 V). Ekki má nota endurhlaðanlegar rafhlöður í tækið.



Til að kveikja á tækinu snertið þið **SCAN** takkann. Eftir stutta sjálfskoðun og tvö stutt hljóðmerki er mælirinn tilbúinn til að mæla hitastig á enni viðkomandi. Mælirinn byrjar alltaf í aðgerð til að mæla hitastig á enni.


Stílt á grunn-aðgerðir

Í þessari valmynd getið þið stílt eftirfarandi aðgerðir í réttri röð:

°C eða °F - Tímaval - Dagsetning - Tími dags - ljós á skjá - Tóntegund


Ýtið í 3 sekúndur á takkann **LIGHT/SET** og þá blikkar C eða F á skjánum.

Til að fá uppgefin gildi í Celcius veljið þið °C með takkanum **MODE/MEM** og staðfestið með því að ýta á **LIGHT/SET**.




Á skjánum blikkar nú hvort þið viljið velja klukkuna í 24 eða 12 tíma aðgerð.

Veljið með takkanum **MODE/MEM** og staðfestið með því að ýta á **LIGHT/SET** takkann.



Nú blikkar ártalið á skjánum. Stílið það með **MODE/MEM** takkanum og staðfestið með því að ýta á **LIGHT/SET**.


Þá kemur að dagsetningu og mánuði sem þið veljið líka með **MODE/SET** takkanum og staðfestið með því að ýta á **LIGHT/SET**.




Ef þið viljið heldur nota 12 tíma aðgerðina er röðinni "degi" og "mánuði" snúið við.




Á skjánum blikkar nú klukkutíminn á fyrri myndinni en mínútur á þeirri seinni. Stillið réttan tíma með **MODE/MEM** takkanum og staðfestið með **LIGHT/SET** takkanum



Á skjáinn kemur nú tákn fyrir ljósið ON/OFF og þið getið valið hvort þið viljið að ljósið kvikni sjálfkrafa eftir hverja ennismælingu eða ekki. Með **MODE/MEM** takkanum veljið þið ON til að kvikni á ljósinu eða OFF til að það verði slökkt og stað-festið valið með **LIGHT/SET**. Ljósið logar í 5 sekúndur á skjánum. Þið getið einnig kveikt á ljósinu með því að ýta á **LIGHT/SET** takkann.



Þá kemur táknið fyrir hljóðmerkið, en þið getið valið hvort þið viljið heyra hljóðmerkið þegar kveikt er á mælinum, á meðan á mælingu stendur, í lok mælingar, eða að heyra ekkert hljóðmerki. Með **MODE/MEM** takkanum veljið þið ON til að heyra hljóðmerkið eða OFF til að heyra það ekki.



Mæling á enni - Ráðleggingar frá Beurer

Athugið að líkamleg hreyfing getur myndað svita á enninu. Einnig getur inntaka sterkra lyfja gefið falska mynd af hitamælingu.

Ennið og gagnaugað verða að vera laus við svita og snyrtivörur

Við ráðleggjum ykkur ávallt að mæla þrisvar á enni og ef mismunur er á milli mælinga þá notið þið hæstu mælinguna.

Ef mikið af hári, svita eða jafnvel óhreinindum eru á enninu verður að hreinsa það og bíða í 10 mínútur til að auka gæði mælingarinnar.


Þið verðið að halda hitamælinum stöðugum á meðan mælt er því ef þið hreyfið mælinn á meðan á mælingu stendur verður hún ónákvæm.

Til að kveikja á mælinum ýtið þið stutt á **SCAN** takkann.

Eftir stutta sjálfs-prófun og tvö stutt hljóðmerki er mælirinn tilbúinn til að mæla hita á enni viðkomandi. Að mælirinn sé í ennis-aðgerð sjáið þið á tákninu efst á skjámyndinni (fyrir ofan töluna 8)




Haldið mælinum í 2ja til 3ja cm fjarlægð frá mælistaðnum á enninu og ýtið svo á **SCAN** takkann.



Ef mælingin sýnir gildi fyrir neðan 37,5°C kemur broskarl með munnvikin upp á við neðst á skjáinn og sýnir að viðkomandi er ekki með hita og hitinn sé á normal svæði.



Ef mælingin sýnir aftur á móti gildi fyrir ofan 38°C kemur broskarl með munnvikin niður á við neðst á skjáinn og sýnir að hitinn sé yfir meðallagi



Mæligildin ásamt dagsetningu, klukkutíma og með broskarli með munnvik upp á við eða niður á við verða sjálfkrafa vistuð í minni mælisins. Tvö stutt hljóðmerki og tákn um ennismælingu sem blikkar ekki lengur, sýna að mælirinn sé tilbúinn fyrir næstu mælingu. Mælirinn slekkur sjálfkrafa á sér eftir ca. 60 sekúndur eða þið getið sjálf slökkt á honum með því að snerta **SCAN** takkann í 6 sekúndur.

Sýna mæligildi sem eru í minni mælisins:

Mælirinn geymir aðeins mælingar frá ennis-mælingum og geymir sjálfkrafa gildi frá síðustu 60 mælingum. Þegar 60 mælingum er náð er elstu mælingunni sjálfkrafa eytt.

Hægt er að kalla fram gildi úr minninu á eftirfarandi hátt:




Haldið **MODE/MEM** takkanum inni í 3 sekúndur þegar kveikt er á mælinum.

Þá kemur síðasta mælingin á skjáinn.

Ýtið aftur á **MODE/MEM** takkann til að fá næstu mælingu á skjáinn o.s.frv.

Í efri línunni á skjánum kemur klukkan og dagsetningin fram.

Villumeldingar sem gætu komið fram:

Á skjánum	Vandamál	Lausn
	Mælir í sjálfprófun og mælir ekki tilbúinn	Bíðið þar til ennistáknið blikkar ekki lengur
	Herbergishiti minni en 15°C eða yfir 40°C	Herbergishiti verður að vera á bilinu 15 og upp í 40°C
	Við ennismælingu: Hitinn er hærri en 42°C Við mælingu á hlut: Hitinn er hærri en 80°C	Mælinn á aðeins að nota innan gildra mælieininga Látið þjónustuaðila líta á mælinn.
	Við ennismælingu: Hitinn er lægri en 34°C Við mælingu á hlut: Hitinn er lægri en 0°C	Sama og við. Hi
	Rafhlöðurnar eru tómar	Setjið nýjar rafhlöður í

Í mælinum eru tvær AAA rafhlöður LR03

Ekki henda gömlum rafhlöðum með venjulegu sorpi. Setjið þær í endurvinnslu



Þessi hitamælir er fyrir snertilausa hitamælingu á enni viðkomandi og er eingöngu ætlaður til heimilisnota en einnig má nota mælinn til að mæla t.d. herbergishita o.fl.

Látið mælinn aldrei koma í samband við vatn því mælirinn er ekki vatnspéttur

Látið lækni ávallt vita með hvers konar hitamæli þið mælduð hitann.

Líkamshiti er lægri að morgni en hækkar lítillega eftir því sem líður á daginn.

Frekari upplýsingar eru í fjölþjóða leiðbeiningum sem fylgja þessum hitamæli og einnig getið þið leitað til umboðsaðilans um frekari upplýsingar

Umboðsaðili

PFAFF hf

Grensásvegi 13, 108 Reykjavík

S: 414-0400 <https://pfaff.is>